

KJARVAL

20% afsláttur
 1779 KR. KG
 SS Caj P's lambatvírfjur

20% afsláttur
 1999 KR. KG
 SS Caj P's lærissneiðar

30% afsláttur
 998 KR. PH.
 BBQ grísaríf 500 g

25% afsláttur
 398 KR. PH.
 Grillborgarar með brauði 4 stk

25% afsláttur
 1398 KR. KG
 Goða grísakótleittur Pikant

25% afsláttur
 1398 KR. KG
 Goða grísahn. pipar & BBQ

2 FYRIR 1
 Emmess Tommi & Jenni heimilspinnar

20% afsláttur
 Toro BEARNAISE Sólur
 Toro SVEPPA Sólur
 Toro PIPPA Sólur
 Toro bollasúpur

139 KR. STR.
 Pepsi Max 2 l

129 KR. STR.
 Cheerios cup

2x 495g
 998 KR. STR.
 Freschetta Em Champion pizza

1690 KR. KG.
 Lavazza Qualita Rosso 1 kg

469 KR. PH.
 Charmin salernispappír

- Þín tilboð í Kjarval -

VITINN

UTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 FAX: 4871206 NETFANG frettir@simnet.is

Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 9 á þriðjudagsmorgnum

Auglýsendur vinsaml. athugið

Vitanum seinkar um einn dag í næstu viku, þ.e. verður unninn á miðvikudeginum 11. júní og kemur út fimmtudaginn 12. júní, þurfa auglýsingar að vera komnar fyrir kl. 9 á miðvikudeginum. Útg.

Til sölu

KRONE 130 - rúllubindivél

Uppl. í síma 894 0218

Tannlæknir

Sæbjörn Guðmundsson tannlæknir verður á heilsugæslustöðinni á **Kirkjubæjarklaustri 6. júní 2008.**

Vinsamlegast pantið tíma í síma 551 0699.

VITINN á www.sudurland.net



Í MÝRDAL
OG AUSTUR-EYJAFJÖLLUM

Samherjar! Halló, halló.

Þann 19. júní ráðgerir ferðanefndin, dagsferð í uppsveitir Árnassýslu.

Farið verður um Þjórsárdal, komið við í límtrésverksmiðjunni á Flúðum, Gullfossi og víðar.

Lagt verður af stað frá Bankaplaninu, kl. 8.30.

Kvöldverður í Árhúsum, Hellu á heimleið. Kostnaði verður stillt í hóf svo sem kostur er.

Þátttaka tilkynnist

í síðasta lagi 13. júní.

Hjá Jóni í síma: 487-1264, Magnúsi: 487-1128 og Áslaugu: 487-1109

Ferðanefndin.

23. TBL. 12. ÁRGANGUR MIÐVIKUDAGINN 4. JÚNÍ 2008



Launagreiðendur ATH....

Samkvæmt kjarasamningi Samtaka atvinnulífsins og Starfsgreinasambands Íslands, sem VÍF.S er aðili að, eru gjöld í starfsmenntasjóð 0,20 % af heildarlaunum starfsmanna frá 1. júní 2008.

Alls verða því heildargjöld 2,45%.

Verkalýðsfélag Suðurlands, Suðurlandsvegi 3, 850 Hella, S:487-5000



Eigendur bifreiða með ökumæli takið eftir!!

Sunnudaginn 1. júní hefst álestrartímabil af ökumælum bíla og tengivagna yfir 10 tonn að heildarþunga, og stendur yfir til sunnudagsins 15. júní. Lesið verður af mælunum í áhaldahúsinu í Vík alla virka daga á tímabilinu frá kl. 8:00 til 12:00 á hádegi. Í Skaftárhrepp verður lesið af mælum föstudaginn 6. júní.

Nánari upplýsingar veitir Vegagerðin í Vík í síma 522-1372
Vegagerðin

Frá Umf. Skafta.

Íþróttæfingar verða á Sandatúni á **mánudögum og fimmtudögum í sumar frá kl. 20:30-22:30.** og verður fyrsta æfing n.k. fimmtudagskvöld.

Framundan er svo framkvæmdadagur á vellinum á Sandatúni og göngudagur fjölskyldunnar, verður það auglýst nánar síðar.

Stjórnin.



Orlofslaun...

Samkvæmt samningi SGS og SA sem tók gildi **1. febrúar 2008 eru orlofslaun sem hér segir:**

24.dagar: 0-5 ár í starfi eða 10,17% orlofslaun.

25.dagar: 5 ár hjá sama fyrirtæki / 10 ár í sömu starfsgrein eða 10,64% orlofslaun.

29.dagar: 10 ár hjá sama fyrirtæki eða 12,55% orlofslaun.

Verkalýðsfélag Suðurlands, Suðurlandsvegi 3, 850 Hella, Sími 487-5000.

Nokkrir hvolpar gott fjárhundakyn :

Hundar og tíkur fæddir 19. apríl fást gefins
Uppl. í síma 487 4740

Tapað - Fundið

Tapast hefur svört ný XL úlpa með þunnu fóðri frá The North Face.

Finnandi hafi samband við Harald í síma 894 4018

Nokkrir góðir.....

Maður nokkur sagði: ?Ég strengdi þess heit um áramótin að hætta öllu monti.?

Var svo spurður: ?Heldurðu að þú getir staðið við það??

Hið magnaða svar var: ?Það er auðvelt fyrir mann sem er eins fullkominn og ég er.?

Tannlæknirinn var að ljúka viðgerð á tönn í sjúklingi.?Ég hefi gert merkilega uppgötvun,? sagði sjúklingurinn.

?Þegar ég opna munninn hér lendi ég ekki í jafnmiklum erfiðleikum og heima hjá mér.?

Ert þú að tala um vandamál? Hlutstaðu nú vel, Ég lánaði fyrir nokkur, manni einum 30.000,- krónur til þess að fara í plastíska meðhöndlun.

Ög nú... hef ég ekki nokkra hugmynd um hvernig hann lítur út.

Hvernig líkaði þér peysan sem ég þrónaði á þig um daginn, Lalli?

Alveg ágætlega! En hún er dálítið víð um ökkjana.

Aldrei gleymi ÉG afmælisdegi konunnar minnar. Hann er alltaf daginn eftir að hún minnr mig á hann.

Styrkir til atvinnuþróunar

Atvinnuþróunarfélag Suðurlands auglýsir eftir umsóknum um styrki til atvinnuþróunar á starfssvæði sínu. Umsækjendur geta verið fyrirtæki, félög, stofnanir og einstaklingar með rekstur á Suðurlandi. Til ráðstöfunar, að þessu sinni, eru 5,0 mkr.

Í umsókninni þarf m.a. að koma fram stutt lýsing á verkefninu, ætluðum ávinningi þess ásamt kostnaðar-, fjármögnunar- og tímaáætlun. Reglur um styrkveitingar félagsins, ásamt umsóknareyðublaði, er að finna á heimasíðu félagsins www.sudur.is.

Umsóknum skal skila á rafrænu formi fyrir 14. júní 2008.

Hlutverk Atvinnuþróunarfélags Suðurlands er m.a. að styðja við verkefni sem leiða til eflingar atvinnulífs á Suðurlandi. Til að rækta hlutverk sitt veitir félagið ráðgjöf og styrki til áhugaverðra verkefna.



ATVINNUÞRÓUNARFÉLAG
SUÐURLANDS

Austurvegur 56, 800 Selfoss – Sími 480 8210 – Fax 480 8201
Strandvegi 50, 900 Vestmannaeyjum – Sími 481 2961
Netfang atrs@sudur.is

Reyklaus reglusamur rútubílstjóri

óskar eftir herbergi til leigu í ca 3 mánuði
í Vík eða næsta nágrenni.

Uppl. í síma 897 8243

Sumarleyfi í Skaftafellsprófastsdæmi

2008

Sumarleyfi sóknarpresta í Skaftafellsprófastsdæmi verða sem hér segir sumarið 2008.

Sigurður Kr. Sigurðsson sóknarprestur Bjarnanesprestakalls verður í sumarleyfi frá 4. júní - 30. júní og frá 19. júlí – 6. ágúst.

Einar G. Jónsson sóknarprestur á Kálfafellsstað leysir hann af á meðan.

Einar G. Jónsson sóknarprestur Kálfafellsstaðarprestakalls verður í sumarleyfi frá 1. júlí – 18. júlí og frá 7. ágúst – 28. ágúst.

Sigurður Kr. Sigurðsson sóknarprestur á Höfn leysir hann af á meðan.

Ingólfur Hartvigsson sóknarprestur Kirkjubæjarklaustursprestakalls verður í sumarleyfi frá 13. júní – 11. júlí og frá 27. ágúst – 4. september.

Haraldur M. Kristjánsson sóknarprestur í Vík leysir hann af á meðan.

Haraldur M. Kristjánsson sóknarprestur Víkurprestakalls verður í sumarleyfi frá 14. júlí – 26. ágúst.

Ingólfur Hartvigsson sóknarprestur á Kirkjubæjarklaustri leysir hann af á meðan.

Haraldur M. Kristjánsson prófastur



Vlf. Suðurlands auglýsir:

Félagsmenn ath;
Enn eru lausar vikur í orlofsvögnum félagsins.
Erum með fellihýsi og tjaldvagn.

Einnig lausar vikur í íbúðinni við
Furulund á Akureyri.



Nánari upplýsingar í s:487-5000 eða www.vlfs.is

Fyrstur kemur, fyrstur fær.



Eins og auglýst var

í síðasta Vita

er vikan 1. – 7. júní sérstök tiltektarvika í
Mýrdalshreppi.

Vonast er til að íbúar taki höndum saman og hreinsi lóðir sínar og
nánasta umhverfi þessa daga. Tilvalið er að gera atlögu að hvönn og
Spánarkerfli áður en þessir fallegu vágestir ná að þroska fræ.

Á fimmtudag og föstudag í þessari viku geta þeir íbúar í Vík sem ekki hafa
tök á að fara með garðaúrgang á gámavöllinn, sett poka með slíkum úrgangi
að gangstétt og munu þá starfsmenn áhaldahúss fjarlægja pokana


Veraldarvinir munu hjálpa til við hreinsun á opnum svæðum á föstudag og
laugardag.

Laugardaginn 7. júní kl. 17:00 verður síðan slegið upp grilli við
íþróttamiðstöðina til að fagna góðu verki.

Boðið verður upp á pylsur og gos.

Umhverfis- og náttúruverndarnefnd Mýrdalshrepps

JOHN DEERE HÁGÆÐA RÚLLUPLAST, BINDINET OG BINDIGARN



Hef til afgreiðslu eftirtaldar vörur

JD Plast grænt 75cm x 1500m, kr. 8.950.- án vsk.

JD Plast hvítt 75cm x 1500m, kr. 8.950.- án vsk.

JD Plast svart 75cm x 1500m, kr. 8.500.- án vsk

JD Xtranet, bindinet 123cm x 3600m, kr. 25.850.- án vsk

JD Xtranet, bindinet 123cm x 4200m, kr. 28.280.- án vsk

JD Bindigarn fyrir rúllur 750m/kg, kr. 3.400.- án vsk

Veittur er 3% afsláttur ef teknar eru 20 eða fleiri plastrúllur.
Hægt er að semja um gjalddaga.

Upplýsingar í síma 861-9681

Gunnar á Hólunum



JOHN DEERE



Brugðist við orkukreppunni gæti þessi mynd heitið sem tekin er á Sólheimasandi af Dögsledding.is í Vík í Mýrdal (Hundasleðaferðir) sem eru í eigu Sigurðar Baldvinssonar og Lindu Lorange.

Mynd og texti: Jónas Erl.

Skólaslit Kirkjubæjarskóla

Kirkjubæjarskóla á Síðu verður slitið fimmtudaginn 5. júní kl. 14:00 í Félagsheimilinu á Kirkjubæjarklaustri. Skólabílar munu aka. Foreldrar eru velkomnir.

Skólastjórar



KIRKJUBÆJARSKÓLI

KIRKJUBÆJARSKÓLI



Sjómanna dagurinn í Skaftárhreppi

Það skýtur kanski skökku við að halda upp á sjómanna daginn í Skaftárhreppi. Næsta höfn er í 200 km fjarlægð til austurs, á Höfn í Hornafirði. Já, eða í yfir 200 km fjarlægð í hina áttina í Þorlákshöfn. Það aftraði þó ekki Brian Roger Haroldsson, sem búsettur er á Kirkjubæjarklaustri að fá sjómanna dagshugmynd.

Hann er frá Skotlandi en starfaði á Vestfjörðum hér á árum áður og kynntist sjómanna dagshátíðarhöldum þar. Brian fékk þessa frumlegu en jafnframt stórgóðu hugmynd að halda upp á sjómanna daginn í Skaftárhreppi. Brian ákvað að vekja upp gamla hrepparígginn og hafa róðrakeppni á milli gömlu hreppanna í hinum sameinaða Skaftárhreppi. Gömlu hrepparnir fimm eru: Álftavershreppur, Hörgslandshreppur, Kirkjubæjarhreppur, Leiðvallarhreppur og Skaftártunguhreppur.

Hér áður fyrr fóru allir karlmenn sem áttu

heimangengt á vertíð. Fyrir aldamótin 1900 var á vorin róíð út frá Meðallandssöndum og þá helst Meðallendingar. Þannig að sjómannsblóð rennur í æðum Skaftfellinga þó hugsanlega það hafi þynnst eitthvað lítillega. Skaftfellingar tóku vel í róðrakeppnishugmynd Brians og öttu menn kappi á Hæðargarðsvatni á sjálfan sjómanna daginn.

Lið gamla Hörgslandshrepps vann í þetta skiptið en Tungumenn komu fljótt á eftir. Í þriðja sæti voru Meðallendingar og í fjórða sæti lið Álftveringa. Í síðasta sæti var svo lið gamla Kirkjubæjarhrepps. Áhorfendur nutu góðs af kaffisölu Kvenfélags Kirkjubæjarhrepps.

Veittir voru farandbikarar fyrir fyrsta og annað sæti þannig að nú verður næsta árið öll vötn í Skaftárhreppi notuð til æfinga og gaman verður að fylgjast með því þegar liðin mætast að nýju að ári liðnu.

Mynd og texti: Ingólfur Hartvigsson



Tv. Vilborg Smáradóttir, Óskar Þorsteinsson, Linda Lorange, Sigurður Baldvinsson og Petra Kristinsdóttir, fyrir framan eru Emilía og Guðbjörg Lorange og Ólöf Sigurlín Einarsdóttir.

Dogsledding.is í Vík í Mýrdal (Hundasleðaferðir) sem eru í eigu Sigurðar Baldvinssonar og Lindu Lorange gáfu nú um sl. helgi, hestamannafélaginu Sindra þrjá hnakka og tíu kamba, þessi gjöf kemur sér mjög vel þar sem óvenju mikil ásókn er í reiðnámskeið hjá hestmannafélaginu þetta árið. 96 manns hafa skráð sig á námskeiðið en það er sama sem einn fimmti hluti íbúanna á svæðinu. Hundasleðaferðir eru með ferðir á Sólheimajökli, en bjóða einnig upp á hundakerruferðir á Sólheimasandi.

Mynd og texti: Jónas Erl.

SUMAROPNUN Í KJARVAL KLAUSTRI

**OPIÐ ALLA DAGA
KL: 9,00 TIL 20,00**

**PÓSTURINN ER OPINN
FRÁ KL: 9,00 TIL 16,00**

**Verið velkomin.
Staðarhaldarar**



Kvöldgöngur í júní 2008

Fimmtudaginn 5. júní Skálafell í Hafursey.

Mæting á bankaplanið kl. 20:00

Föstudaginn 13. júní Pétursey.

Mæting á bankaplanið kl. 20:00

Fimmtudaginn 19. júní Hvammsgil.

Mæting á bankaplanið kl. 20:00

Jónsmessa, mánudaginn 23. júní Höfðabrekkuafreitur.

Mæting á bankaplanið kl. 20:00

Ferðafélag Mýrdælinga